



## Fjárhagsáætlanir 2011 (A-hluti)

### Inngangur

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarstjórnir afgreiða fjárhagsáætlanir fyrir lok desember ár hvert. Þegar sveitarstjórn afgreiðir fjárhagsáætlun er ekki verið að setja upp lauslega áætlun um tekjur og gjöld fyrir komandi rekstrarár heldur er sveitarstjórnin að taka ákvörðun um fjárheimildir og ráðstafanir þeirra til rekstrar og fjárfestinga. Einungis má bregða út frá samþykktri fjárhagsáætlun með sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Ætíð skal vera tryggt að nýjum útgjöldum séu markaðar skilgreindar tekjur. Með því móti á að vera tryggt að hvert sveitarfélag sé ætíð rekið samkvæmt samþykktum fjárheimildum. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi rekstrarár er því mikilvægt stjórnunartæki við rekstur hvers sveitarfélags. Niðurstöður fjárhagsáætlana leiða í ljós mikilvægar upplýsingar um hvert stefnir í rekstri og efnahag sveitarfélaga á komandi ári.

Sveitarfélög á Íslandi eru 76 talsins. Íbúafjöldi þeirra

er afar misjafn, landfræðilegar aðstæður þeirra eru mismunandi svo og ýmsir aðrir þættir. Sveitarfélögunum er því skipt í fjóra flokka til frekari glöggvunar þegar niðurstöður fjárhagsáætlana eru skoðaðar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar
- Vaxtarsvæði. Sveitarfélög frá og með Borgarbyggð, suður um Reykjanes og til og með Sveitarfélaginu Árborg, Akureyrarkaupstaður, Fljótshálsbær og Fjarðabyggð.
- Önnur sveitarfélög

Hér eru birtar upplýsingar úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2011 eins og skil þeirra voru í síðustu viku janúar. Skil í einstökum flokkum koma fram í töflu 1.

Tafla 1. Skil fjárhagsáætlana

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtarsvæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af heild	Samtals
Íbúafjöldi	118.908	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.236
Íbúafjöldi í sveitarfélagi sem hafa skilað	118.908		83.278		67.588		38.724		308.498
Fjöldi sveitarfélaga	1		7		16		52		76
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		7		14		38		60
Útsvarsprósenta (vegið meðaltal)	14,40%		14,36%		14,47%		14,47%		14,41%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		100,0%		96,6%		84,0%	96,9%

### Bls. 3



Reiknaðir liðir skipta máli varðandi afkomu sveitarfélaganna, enda þótt þeir komi ekki til útgjalda á árinu.

### Bls. 4



Staða fjármögnunar gefur til kynna hvort sveitarfélög hafa náð að uppfylla fjárförum fjárförum í fjárhagsáætlun eða ekki.

### Bls. 6



Í umræðu um skuldir sveitarfélaga er eðlilegt að skoða hvaða eignir standa þar á mót.

Í töflu 1 kemur fram að í lok janúar 2011 hafa 60 sveitarfélög með 96,9% íbúanna skilað fjárhagsáætlunum inn til Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Niðurstöður úr fjárhagsáætlunum þeirra eru síðan „blásnar upp“ þannig að þær sýna niðurstöður fyrir öll sveitarfélög landsins. Í töflunni sést að það eru einkum sveitarfélög í flokknum „önnur sveitarfélög“ sem hafa ekki enn skilað niðurstöðum úr fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 til Sambands Íslenskra sveitarfélaga á tilsettum tíma. Nokkur þeirra fengu formlegan frest til að skila fjárhagsáætlun síðar en tímamörk kveða á um.

Niðurstöður úr fjárhagsáætlunum þeirra sveitarfélaga sem hafa skilað upplýsingum eru færðar upp hlutfallslega innan hvers flokks með hliðsjón af íbúafjölda þannig að þær gildi fyrir öll sveitarfélög landsins. Í töflu 1 kemur fram vegið meðaltal útsvarsprósentu í hverjum flokki svo og landsmeðaltal útsvarsálagningar. Útsvar er mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaganna og því rétt að draga sérstaklega fram upplýsingar um álagningarhlutfallið. Útsvarsálagningin er að jafnaði lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“.

## Niðurstöður fjárhagsáætlana 2011

### Rekstraryfirlit

Í rekstraryfirliti er birt yfirlit um tekjur og gjöld sveitarfélaganna. Þar eru einnig tilteknar afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum, fjármagnstekjur og gjöld ásamt óreglulegum tekjum. Niðurstaða tekna og gjalda úr rekstraryfirliti fjárhagsáætlana er birt í töflu 2.

Í töflu 2 koma fram niðurstöður fjárhagsáætlana um tekjur og gjöld sveitarfélaganna á árinu 2011. Hlutfall

íbúa í hverjum flokki er birt til samanburðar. Fram kemur að hlutur Reykjavíkurborgar í heildarframlegð sveitarfélaganna er lægri en sem nemur hlutfalli íbúanna af heildaríbúafjölda landsins. Heildarframlegð sveitarfélaganna er áætluð vera 18,3 ma.kr. sem eru rétt rúm 10% af áætluðum heildartekjum. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er hæst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en lægst hjá Reykjavíkurborg.

Tafla 2. Niðurstaða rekstrar

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutf. af tekjum	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af tekjum	Vaxtarsvæði	Hlutf. af tekjum	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af tekjum	Samtals	Hlutf. af tekjum
<b>Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting</b>	118.908	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.236	100,0%
<b>Skatttekjur</b>	48.312	80,7%	34.288	76,5%	27.094	63,8%	16.835	55,3%	126.529	71,2%
<b>Framlög jöfnunarsjóðs</b>	650	1,1%	1.970	4,4%	5.780	13,6%	7.639	25,1%	16.040	9,0%
<b>Þjónustutekjur og aðrar t.</b>	10.905	18,2%	8.538	19,1%	9.611	22,6%	5.966	19,6%	35.020	19,7%
<b>Samtals tekjur</b>	59.867	100,0%	44.796	100,0%	42.486	100,0%	30.440	100,0%	177.589	100,0%
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	30.952	51,7%	20.847	46,5%	21.287	50,1%	15.530	51,0%	88.616	49,9%
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	24.501	40,9%	18.044	40,3%	16.140	38,0%	12.004	39,4%	70.689	39,8%
<b>Samtals gjöld</b>	55.453	92,6%	38.891	86,8%	37.426	88,1%	27.534	90,5%	159.305	89,7%
<b>Framlegð (tekjur-gjöld)</b>	4.414	7,4%	5.905	13,2%	5.060	11,9%	2.905	9,5%	18.285	10,3%
<b>Hlutfall af heildarframlegð</b>		24,1%		32,3%		27,7%		15,9%	100,0%	

Í framhaldi af þessu er áhugavert að sjá þetta yfirlit sett upp miðað við niðurstöður á hvern íbúa. Þá fæst á ýmsan hátt raunhæfari samanburður á milli einstakra flokka. Niðurstaðan úr því er sýnd í töflu 3.

Í töflu 3 er birt yfirlit um tekjur og gjöld á hvern íbúa eftir einstökum flokkum svo og meðaltal fyrir landið allt. Skatttekjur eru hæstar á hvern íbúa í

„Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru hæstar hjá „Öðrum sveitarfélögum“ og á „Vaxtarsvæðum“ og eins og gefur að skilja. Glöggst kemur fram hve rekstrarkostnaður sveitarfélaga á hvern íbúa er hærri utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem sveitarfélög eru fámennari. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Framlegð á hvern íbúa er

Tafla 3. Niðurstaða rekstrar, kr. á íbúa


Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
Skatttekjur	406.297	411.729	387.273	365.277	397.596
Framlög jöfnunarsjóðs	5.466	23.661	82.623	165.740	50.401
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	91.710	102.524	137.376	129.455	110.045
Samtals tekjur	503.473	537.915	607.272	660.472	558.043
Laun og launatengd gjöld	260.302	250.330	304.258	336.974	278.460
Annar rekstrarkostnaður	206.050	216.672	230.692	260.459	222.127
Samtals gjöld	466.352	467.002	534.950	597.433	500.587
Framlegð	37.121	70.912	72.322	63.038	57.456

áberandi lægst í Reykjavík. Þar á eftir koma „Önnur sveitarfélög“ en framlegð er nokkuð álíka á hvern íbúa í sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar.

Reiknaðir liðir skipta máli varðandi afkomu sveitarfélaganna, enda þótt þeir komi ekki til útgjalda á árinu. Þar er um að ræða afskriftir og breytingar á lífeyrisskuldbindingum. Niðurstaða úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða er sýnd í töflu nr. 4.

Í töflu 4 kemur fram að afkoma sveitarfélaganna, eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða, er í heildina tekið lakari en æskilegt væri. Afkoma sveitarfélaganna er því sem næst á núlli (0) þegar tekið er tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða. Mikill fjármagnskostnaður hefur veruleg áhrif á endanlega niðurstöðu. Hann samanstendur bæði af raunverulegum útgjöldum og tekjum en einnig af reiknuðum liðum s.s. vegna gengisbreytinga og verðbóta. Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði er reiknuð sérstaklega út. Hún segir hver sé afkoma sveitarfélaganna af hefðbundnum rekstri. Þar til viðbótar koma óreglulegir liðir sem geta verið mjög breytilegir

frá einu ári til annars. Óreglulegir liðir geta verið sala eigna, sala byggingarréttar og kostnaður vegna sérstakra aðstæðna s.s. náttúruhamfara eða annað sem telst ekki til hefðbundinnar starfsemi sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir óverulegum fjárhæðum í þeim lið á komandi ári.



Tafla 4. Niðurstöður úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.908	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.236
Framlegð	4.414		5.660		4.541		2.170		16.785
Afskriftir	3.204		2.167		2.443		1.219		9.033
Breyting lífeyrisskuldbindinga (áætl*)	1.100		583 *		409 *		219 *		2.311
Niðurstaða án fjármunat. og (gjalda)	110		2.910		1.689		732		5.441
Fjármunatekjur og (gjöld)	-43		-2.783		-2.127		-96		-5.050
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	67		127		-438		636		392
Óreglulegir liðir	0		0		-49		13		-36
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	67		127		-487		649		356

## Sjóðstreymi

Í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar kemur fram hve mikið lausafé er afgangur í rekstrinum þegar búið er að borga daglega reikninga, hve miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar, hve mikil fjárförf er vegna fjárfestinga og afborgana af lánum og hvernig þessi fjárförf er fjármögnuð. Þetta yfirlit er ekki síður mikilvægt til að átta sig á greiðsluhæfi sveitarfélags en rekstraryfirlitið.

Í töflu 5 kemur fram yfirlit um sjóðstreymi sveitarfélaganna á árinu 2010 samkvæmt fjárhagsáætlunum þeirra.

Tafla 5. Sjóðstreymisyfirlit

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv.	Hlutfall Vaxtarsvæði	Hlutfall Önnur sveitarfélög	Samtals				
		án Rvk							
<b>Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting</b>	118.908	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.236
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>3.141</b>		<b>3.974</b>		<b>3.444</b>		<b>2.310</b>		<b>12.869</b>
<b>Handbært fé frá rekstri (% af tekjum)</b>	<b>5,2%</b>		<b>8,9%</b>		<b>8,1%</b>		<b>7,6%</b>		<b>7,2%</b>
<b>Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.</b>	5.800		1.563		2.403		1.660		11.426
<b>Söluverð seldra rekstrarfjármuna</b>	440		0		216		124		780
<b>Eignarhlutir í félögum, breyting</b>	186		52		11		0		249
<b>Breyting langtímakrafna</b>	-17		131		64		313		491
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>5.563</b>		<b>1.484</b>		<b>2.133</b>		<b>1.223</b>		<b>10.404</b>
<b>Tekin ný langtímalán</b>	6.300		8.600		2.210		1.150		18.260
<b>Afborganir langtímalána</b>	1.295		9.183		5.012		1.572		17.062
<b>Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyt.</b>	-448		88		-124		-87		-571
<b>Langtímask. v. eigin fyrirt. breyting</b>	0		126		-41		-13		72
<b>Skammtímalán, breyting</b>	0		-2.403		-95		134		-2.364
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>4.557</b>	<b>0</b>	<b>-2.772</b>	<b>0</b>	<b>-3.063</b>	<b>0</b>	<b>-388</b>	<b>0</b>	<b>-1.666</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>2.135</b>		<b>-282</b>		<b>-1.752</b>		<b>699</b>		<b>799</b>

Handbært fé frá rekstri er það fjármagn sem afgangur er frá daglegum rekstri og nýtist til að greiða afborganir lána og annarra skuldbindinga og standa þar að auki undir fjárfestingum. Handbært fé er góður mælikvarði á hve auðvelt er fyrir rekstraraðila að standa undir áhvílandi skuldbindingum. Ef handbært fé frá rekstri dugar t.d. ekki til að standa undir afborgunum langtímalána er fullrar varúðar þörf því þá verður að taka lán til að greiða afborganir eldri lána og til að fjármagna framkvæmdir að fullu. Slíkt ástand getur einungis gengið í tiltölulega skamman tíma. Ef handbært fé frá rekstri er neikvætt ættu allar viðvörunarbjöllur að hringja. Handbært fé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum lægst hjá Reykjavíkurborg. Að jafnaði er það rúm 7%.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru ætlaðar samtals um 11,4 ma.kr. Þar af er tæpur

helmingur hjá Reykjavík sem er verulega umfram hlutfeld borgarinnar í heildaríbúafjölda landsins. Þessi fjárhæð er lægri en samkvæmt útkomuspá ársins 2010 en þá voru fjárfestingar metnar nálægt 18 ma.kr. Sala rekstrarfjármuna er óverulegur hluti af fjármögnun fjárfestinga nema hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“. Ný lánataka er áætluð 18,3 ma.kr. Hlutfallslega er lánataka mest hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“. Þar á móti er áætlað að greiða niður langtímalán um 17,0 ma.kr. Þegar allt hefur verið stillt saman þá er eftir að afla sem nemur tæplega 1,6 ma.kr. til að uppfylla fjárförf ársins. Það á við um öll sveitarfélög utan Reykjavíkur en í Reykjavík er staða

fjármögnunar mjög jákvæð. Aftur á móti er staða fjármögnunar verulega neikvæð hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“.

Staða fjármögnunar gefur til kynna hvort sveitarfélög hafa náð að uppfylla fyrirsjáanlega fjárförf í fjárhagsáætlun eða ekki. Þar sem fjármögnun er neikvæð er ljóst að ekki liggur fyrir hvernig eigi að fjármagna fyrirsjáanlegar fjárfestingar og / eða afborganir lána. Því má síðan ekki gleyma að vegna efnahagsástandsins er ekki tryggt að öll sveitarfélög nái að uppfylla lánsfjárförf sína á árinu.



## Efnahagsreikningur

Í efnahagsreikningi er tekið saman yfirlit um eignir sveitarfélaganna og hvernig þær eru fjármagnaðar. Eignum er skipt upp í fastafjármuni og veltufjármuni eftir því hve auðvelt er að losa það fjármagn sem bundið er í eignum. Skuldahlið efnahagsreiknings er skipt upp í skuldbindingar (sem eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar) og langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Mismunur eigna og skulda myndar eigið fé (höfuðstól).

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um eignir og skuldir sveitarfélaganna. Heildarskuldir og skuldbindingar nema samtals um 253,4 ma.kr. Skuldbindingar sem voru áður utan efnahags eru nú komnir inn í efnahagsreikning. Þar er um að ræða samninga við fjármögnunarfyrirtæki sem eru til komnir annað hvort vegna nýbygginga eða sölu og endurleigu fasteigna. Athuga ber að hluti af veltufjármunum sveitarfélaganna getur verið viðskiptakrafa á B-hlutastofnanir, s.s. hafnir

og félagslega íbúðarkerfið. Í mörgum tilvikum er hæpið að þær kröfur verði greiddar. Því getur veltufjárstaðan verið ofmetin í einhverjum tilvika. Yfirleitt eru þó veltufjármunir verulega hærri en skammtímaskuldir sem segir að lausafjárstaða sveitarfélaganna sé í heildina tekið frekar góð. Fróðlegt er í þessu sambandi að skoða efnahagsreikninginn í krónum á íbúa. Á þann hátt fæst betri möguleiki á að bera stöðuna saman milli einstakra flokka.

Hér kemur glöggt fram að skuldir og skuldbindingar á íbúa í A-hluta sveitarsjóða eru lægstar í Reykjavík. Þær eru hæstar á íbúa á „Vaxtarsvæði“ en eru töluvert lægri annarsstaðar. Eiginfjárlutfall Reykjavíkurborgar er tæp 59% á meðan það er um 28% hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og 31% á „Vaxtarsvæðum“. Samkvæmt þessum niðurstöðum er efnahagur sveitarfélaganna að jafnaði sterkur. Á það ber þó að minna að hér eru samandregnar niðurstöður fyrir einstaka flokka. Innan hvers flokks er þannig iðulega töluverður breytileiki. Veltufjárlutfall í hverjum flokk kemur fram í neðstu línu töflunnar. Það sýnir hlutfallið milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Þetta hlutfall á helst að vera hærra en 1,0 eða að veltufjármunir séu minnst jafnháir skammtímaskuldum. Ef veltufjárlutfallið er lægra en einn þá fer að byggjast upp hætta á að lausafé sé ekki alltaf tiltækt þegar þarf að greiða reikninga. Það hefur t.d. í för með sér aukinn vaxtakostnað. Því lægra sem veltufjárlutfallið er því meiri líkur eru á aukakostnaði vegna þessa með tilheyrandi erfiðleikum. Það er lægst hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur en á landsvísu er það um 1,5 sem er í ágætu lagi.

Í umræðu um skuldir sveitarfélaga er eðlilegt að

Tafla 6. Efnahagsreikningur

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv.	Hlutfall Vaxtarsvæði	Hlutfall Önnur sveitarfélög	Samtals				
		án Rvk							
<b>Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting</b>	118.908	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.236
<b>Fastafjármunir</b>	107.834		101.375		109.603		44.912		363.724
<b>Veltufjármunir</b>	25.235		8.897		17.914		15.769		67.814
<b>Eignir</b>	<b>133.069</b>		<b>110.272</b>		<b>127.517</b>		<b>60.681</b>		<b>431.539</b>
<b>Eigið fé</b>	78.008		31.183		39.985		28.988		178.163
<b>Skuldbindingar</b>	8.681		13.318		10.311		7.897		40.207
<b>Langtímaskuldir</b>	36.071		51.564		63.954		16.956		168.545
<b>Skammtímaskuldir</b>	10.309		14.207		13.267		6.840		44.623
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>55.061</b>		<b>79.089</b>		<b>87.532</b>		<b>31.693</b>		<b>253.375</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>133.069</b>		<b>110.272</b>		<b>127.517</b>		<b>60.681</b>		<b>431.539</b>

Tafla 7. Efnahagsreikningur, kr. á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
Fastafjármunir	906.869	1.217.308	1.566.609	974.486	1.142.939
Veltufjármunir	212.223	106.835	256.051	342.139	213.095
Eignir samtals	1.119.092	1.324.143	1.822.661	1.316.625	1.356.033
Eigið fé	656.037	374.445	571.522	628.964	559.847
Skuldbindingar	73.006	159.922	147.378	171.341	126.342
Langtímaskuldir	303.352	619.179	914.127	367.911	529.624
Skammtímaskuldir	86.697	170.597	189.634	148.409	140.220
Skuldir og skuldbindingar samtals	463.055	949.699	1.251.139	687.661	796.186
Skuldir og eigið fé	1.119.092	1.324.143	1.822.661	1.316.625	1.356.033
Eiginfjárhlutfall	58,6%	28,3%	31,4%	47,8%	41,3%
Veltufjárhlutfall	2,4	0,6	1,4	2,3	1,5

skoða hvaða eignir standa þar á móti. Stærstur hluti eigna er bundinn í fastafjármunum sem eru fyrst og fremst mannvirki sem notuð eru við lögbundna starfsemi sveitarfélaganna. En töluverður hluti eigna er lausafé og langtímakröfur sem hægt er að breyta í lausafé á skömmum tíma. Athuga ber þó að hluti af viðskiptakröfum sveitarfélaganna er á hendur B-hluta stofnana, s.s. hafna og félagslegs íbúðarhúsnæðis. Ólíklegt er að sveitarsjóður fái allar þessara krafna greiddar þar sem til þeirra hefur oft verið stofnað til

að mæta rekstrarhalla viðkomandi B-hluta stofnana. Engu að síður er áhugavert að skoða hvernig hrein skuldastaða sveitarfélaga er.

Í töflu 8 kemur fram að veltufjármunir sveitarfélaganna eru samtals um 68,0 ma.kr. Skuldir og skuldbindingar eru samtals 253,4 ma.kr. Mismunurinn er 185,6 ma.kr. sem eru hreinar skuldir sveitarfélaganna.

Tafla 8. Hreinar skuldir sveitarfélaga

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.908	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.237
Langtímakröfur	107.834		101.375		109.603		44.912		363.724
Veltufjármunir	25.235		8.897		17.914		15.769		67.814
Samtals peningalegar eignir	<b>133.069</b>		<b>110.272</b>		<b>127.517</b>		<b>60.681</b>		<b>431.539</b>
Skammtímaskuldir	10.309		14.207		13.267		6.840		44.623
Langtímaskuldir	36.071		51.564		63.954		16.956		168.545
Lífeyrisskuldbindingar	8.681		13.318		10.311		7.897		40.207
Samtals skuldir og skuldbindingar	<b>55.061</b>		<b>79.089</b>		<b>87.532</b>		<b>31.693</b>		<b>253.375</b>
Hreinar skuldir og skuldbindingar	<b>29.826</b>		<b>70.192</b>		<b>69.618</b>		<b>15.924</b>		<b>185.561</b>
Hlutfall hreinna skulda af heild		<b>16,1%</b>		<b>37,8%</b>		<b>37,5%</b>		<b>8,6%</b>	<b>100,0%</b>

## Að lokum

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2011 voru afgreiddar með óvissu um ýmsa afgerandi þætti eins og gengur þegar óvissa ríkir um ýmis atriði í efnahagslegu tilliti. Þar má til nefna þróun útsvarstekna, þróun ýmissa kostnaðarpátta í starfsemi sveitarfélaganna, hver verður þróun atvinnuleysis og þannig mætti áfram telja. Þróunin á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur einnig mikil áhrif á efnahagsreikning sveitarfélaganna þar sem allnokkur hluti af lánum þeirra er gengistryggður á einn eða annað hátt. Verðbólga er annar þáttur sem skiptir miklu máli hvað varðar efnahagsreikninginn og fjármagnsliði. Það er þó ljóst að áframhaldandi aðhald í rekstri sveitarfélaganna er óumflýjanlegt. Sveitarfélögin hafa líkt og aðrir í samfélaginu brugðist við efnahagserfiðleikum þjóðarinnar með aðhaldi og sparnaði þar sem því verður við komið. Hvort ganga verður enn lengra í

þeim efnum mun koma í ljós en það fer eftir því hvernig atvinnulífið og fjármál ríkisins koma til með að þróast á komandi misserum. Þess ber að geta að vegna þess hve lög um yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks voru afgreidd seint á haustþingi þá eru færri sveitarfélög sem hafa sett tekjur og gjöld vegna yfirfærslunnar inn í fjárhagsáætlun sína. Þær voru því afgreiddar víða með fyrirvara um áðurnefndar breytingar. Niðurstöður úr uppfærðum fjárhagsáætlunum með hliðsjón af áhrifum yfirfærslunnar munu að öllum líkindum liggja fyrir á útmánuðum.

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri



**Samband íslenskra  
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is) [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)